

Flóahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Pingborg
801 Selfoss

Reykjavík, 18. júlí 2024
UST202407-214/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 - Hjálmholt og Áshildarmýri - Vatnsból og vatnsverndarsvæði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða - og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna vatnsbóla og vatnsverndarsvæðis innan Hjálmhólts og Áshildarmýris.

Í greinargerð kemur fram að með breytingunni verður sett inn nýtt vatnsból í Áshildarmýri í Flóahreppi og vatnsverndarsvæði sem nær til beggja sveitarfélaga. Borað hefur verið eftir vatni á staðnum og er vatnsbólið í notkun.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að svæðið er nokkuð flatt, mosavaxið hraun. Umhverfisstofnun bendir á að hraun nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í greinargerð tillögunnar og metin séu áhrif tillögunnar á hraun.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹ í greinargerð. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í

Samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn). Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur